



# Greinargerð vegna stöðumats

Barnvæn sveitarfélög

Kópavogsbær

ÚTGÁFUDAGUR



unicef   
fyrir öll börn

## Efnisyfirlit

|                                                          |    |
|----------------------------------------------------------|----|
| Inngangur.....                                           | 3  |
| Drög að aðgerðalista á grundvelli stöðumats: .....       | 4  |
| Stöðumat.....                                            | 5  |
| Leiðbeinandi spurningalistar .....                       | 5  |
| Spurningakannanir.....                                   | 6  |
| Viðhorfskönnun meðal barna:.....                         | 6  |
| Könnun meðal starfsfólks .....                           | 12 |
| Könnun meðal kjörinna fulltrúa.....                      | 15 |
| Barnaþing .....                                          | 18 |
| Tillögur barna og ungmennaðings í Kópavogi.....          | 19 |
| Kaffihúsafundur með barnaþingmönnum og ungmennaráði..... | 20 |
| Sérfræðihópar barna .....                                | 21 |
| Helstu niðurstöður rýnisamtala:.....                     | 22 |
| Foreldrakönnun: .....                                    | 23 |
| Samantekt .....                                          | 23 |

## Inngangur

Kópavogsbær gaf sér tíma til að fagna áfanganum eftir að hafa hlotið viðurkenningu UNICEF sem Barnvænt sveitarfélag, í annað sinn, þann 31. maí 2024. Mikil ánægja og stolt var með áfangann hjá sveitarfélaginu. Í árslok 2024 var hins vegar byrjað að huga að næstu verkefnum hjá Barnvæna sveitarfélaginu. Nýr tengiliður verkefnisins tók við, Amanda K. Ólafsdóttir, skrifstofustjóri á menntasviði. Fráfarandi tengiliður, Anna Elísabet Ólafsdóttir, hélt þó áfram að koma að verkefninu sem ráðgjafi.

Nýr stýrihópur verkefnisins Barnvænt sveitarfélag var skipaður með erindisbréfi. Fjórir fulltrúar ungmennaráðs taka sæti í stýrihópi en fundarboð er ávallt sent á allt ungmennaráð og allir fulltrúar boðnir velkomnir á fundi stýrihóps. Um leið og erindisbréf var tilbúið var strax boðað til fyrsta stýrihópsfundar. Hafist var handa og staðan rædd sem og næstu skref. Undirbúningur var hafinn að nýju stöðumati.

Farið var yfir spurningarlista, örlitlar lagfæringar gerðar og þeir þýddir yfir á ensku fyrir börn sem ekki tala enn íslensku. Sömu leiðis var farið yfir spurningarlista senda á starfsmenn og búinn til nýr spurningarlisti sem eingöngu var fyrir pólitískt kjörna fulltrúa sveitarfélagsins.

Vel gekk að virkja fulltrúa í stýrihópi þótt fulltrúar barna sjái sér ekki alltaf fært að mæta á fundi. Reynt var að færa fundarstað nær börnunum. Til dæmis var haldinn stýrihópsfundur rétt á undan ungmennaráðsfundi í þeirri von að fleiri gætu komið. Svo varð þó ekki raunin og fundir því aftur fluttir á skrifstofu bæjarins. Þess ber þó að geta að nokkrir ungmennaráðsfulltrúar eru virkir og mæta vel á fundi stýrihóps þar sem þeir taka virkan þátt. Fullorðna fólkinu þykir gott að geta leitað álits þessara virku aðila.

Á grundvelli stöðumats sem fram kemur í þessari greinargerð er stefnt að því að undirbúa níu nýjar aðgerðir í aðgerðaáætlun fyrir næsta hring innleiðingar. Sjá yfirlit á bls. 4.

Drög að aðgerðalista á grundvelli stöðumats:

| Aðgerð | Nafn aðgerðar                                                                                                                          | Leiðbeinandi spurningalistar | Spurninga-kannanir | Barnapíng | Sérfræðihópar | Þekking á réttindum barna | Jafnræði - bann við mismunun | Það sem er barninu fyrir bestu | Barnvæn nálgun | Þátttak | Hugmynd beint frá börnum | Hugmynd frá fullorðnum | Stutt aðgerð lokið á tímabili | Langtíma aðgerð nær yfir fleiri tímabil |
|--------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------|--------------------|-----------|---------------|---------------------------|------------------------------|--------------------------------|----------------|---------|--------------------------|------------------------|-------------------------------|-----------------------------------------|
|        |                                                                                                                                        | Stöðumat                     |                    |           |               | Grunnþættir               |                              |                                |                |         | Hvers vegna              |                        | Tímarammi                     |                                         |
| 1      | Efla kynningu á Tákni Barnaverndar sem og kynningu á tilvist skólahjúkrunar-fræðinga, skólasálfræðinga, námsráðgjafa og félagsráðgjafa |                              | X                  |           | X             | X                         |                              | X                              |                |         | X                        |                        |                               | X                                       |
| 2      | Sérstakt átak í fræðslu til pólitískt kjörinna fulltrúa                                                                                | X                            | X                  |           |               | X                         | X                            | X                              | X              | X       |                          | X                      | X                             |                                         |
| 3      | Barnvænt hagsmunamat - undirbúningur og innleiðing                                                                                     | X                            |                    |           |               | X                         | X                            | X                              | X              | X       |                          | X                      |                               | X                                       |
| 4      | Frítt í Strætó fyrir öll börn í Kópavogi                                                                                               |                              |                    | X         |               |                           | X                            | X                              |                |         | X                        |                        |                               | X                                       |
| 5      | Morgunmatur (grautur +ávextir) í boði í öllum skólum fyrir allan aldur (samræma á milli skóla)                                         |                              |                    | X         |               |                           | X                            | X                              |                |         | X                        |                        |                               | X                                       |
| 6      | Hátíð í Kópavogi svipað og Skrekkur í Reykjavík                                                                                        |                              |                    | X         |               |                           |                              |                                |                | X       | X                        |                        |                               | X                                       |
| 7      | Fræðsla til starfsmanna um viðbrögð ef grunur er um ofbeldi /vanrækslu                                                                 |                              | X                  |           |               | X                         |                              | X                              | X              |         |                          | X                      |                               | X                                       |
| 8      | Aukið miðsstigstarf í félagsmiðstöðvum Kópavogs                                                                                        |                              |                    | X         |               |                           |                              | X                              | X              | X       | X                        |                        |                               | X                                       |
| 9      | Bætt kynning á ungmennaráði, skóla- og nemendaráði innan skólanna.                                                                     |                              | X                  |           |               | X                         | X                            |                                | X              | X       | X                        |                        | X                             | X                                       |

## Stöðumat

### Leiðbeinandi spurningalistar

Vel gekk að fara í gegnum leiðbeinandi spurningalista og hjálplegt var að skoða samhliða svörin frá árinu 2022. Starfsfólk frá öllum sviðum bæjarins leiddi þessa vinnu. Verkefnið er tímafrekt og erfitt að ætlast til þess að ungmenni geti setið langa fundi til að svara leiðbeinandi spurningarlistum. Í flestum tilfellum gat starfsfólk svarað enda hafa þessir aðilar haldið utan um að svara leiðbeinandi spurningarlistum öll árin. Ef eitthvað var óljóst var leitað til viðeigandi aðila. Börnin komu því ekki beint að þessari vinnu enda mikil fundaseta sem þurfti að fara yfir. Hins vegar fengu þau niðurstöðurnar til skoðunar og athugasemda.

Það var ekkert sem kom á óvart við þessa greiningu. Á mörgum sviðum höfum við náð árangri og stöndum okkur betur en niðurstöður frá 2022 sýna. Það er þó enn þannig að, þegar kemur að þekkingu á réttindum barna, er staðan best á mennta- og velferðarsviði og enn má gera betur á öðrum sviðum. Þess ber að geta að breytingar hafa verið gerðar á skipulagi Kópavogsbæjar og því þarf að hafa í huga að ná til starfsfólks á nýjum stoðsviðum. Niðurstöður spurningalistanna leiddu jafnframt í ljós að enn þarf að bæta fræðslu til handa kjörnum fulltrúum. Þessi niðurstaða var enn frekar rökstudd eftir sérstaka könnun meðal kjörinna fulltrúa eins og fjallað verður um síðar í stöðumatinu. Gert er ráð fyrir að aukin og skipulögð fræðsla til kjörinna fulltrúa verði eitt af verkefnum í þriðja hring innleiðingar Barnasáttmálans.

Svör við leiðbeinandi spurningarlistum gefa jafnframt til kynna að leggja þurfi aukna áherslu á að fræða íbúa um verkefnið Barnvænt sveitarfélag. Strax að hausti 2025 verður farið í verkefni sem hefur það að markmiði að auka þekkingu íbúa. Stefnt er á að halda málþing í Kópavogi, haustið 2025 sem unnið verður í samstarfi við UNICEF.

Þá er stefnt að því að halda betur utan um ábendingar sem berast frá börnum og varða mismunun. Meðal annars er þegar búið að setja upp ábendingahnapp í spjaldtölvur barna í grunnskólum Kópavogs. Fyrir nokkrum árum var sett inn tákn fyrir barnaverndartilkynningar á spjaldtölvur barna í Kópavogi, Hinn nýi ábendingahnappur á að auðvelda börnum að koma hefðbundnum ábendingum til bæjarins, um hluti í umhverfinu sem betur megí fara, svo sem ef laga þarf leiktæki á leikvelli eða skipta um peru í ljósastaur. Ábendingar sem sendar eru inn í gegnum þessa síðu fara í þjónustuver Kópavogsbæjar, sem sendir þær áfram á viðeigandi svið, þar sem ábendingin er metin og brugðist við eftir því sem við á.

Táknið lítur svona út:



Nokkuð vel hefur gengið hjá bænum að virkja þátttöku barna og veita stuðning og verður því verkefni haldið áfram. Nú fá börn í 8.–10. bekk grunnskólans frían aðgang að skólasálfræðingi, án aðkomu foreldra. Í öllum skólum eru starfandi námsráðgjafar sem börnin geta jafnframt leitað til og í nokkrum skólum eru félagsráðgjafar fyrir börnin, sem að mati skólastjórnenda hefur gefist vel, sérstaklega í ljósi laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Skólahjúkrunarfræðingar eru í skólunum og gegna mikilvægu hlutverki er snýr að heilsu og líðan barna.


Sveitarfélagið er byrjað að skoða Barnvænt hagsmunamat tengt verkefnum sínum en til stendur að gera það enn markvissar í næsta innleiðingarhring og því er gert ráð fyrir sérstöku verkefni í þróun og innleiðingu barnvæns hagsmunamats.

## Spurningakannanir

### Viðhorfskönnun meðal barna:

Könnun meðal barna gekk vel og fáum við stöðugt fleiri svör sem er ánægjulegt. Það gefur til kynna aukna meðvitund um réttindi barna og meiri áhuga þeirra á að taka þátt. Þátttökufjöldinn óx um 33% milli síðustu tveggja tímabila og um 94% milli fyrstu könnunar og þeirrar annarrar. Í þetta sinn svöruðu 1.151 barn könnuninni á íslensku og 50 börn svöruðu á ensku. Könnunin náði til barna á aldrinum 9 -16 ára þótt flestir tilheyri aldrinum frá 10-15 ára.


Mjög ánægjulegt er að sjá stöðugt aukast í hópi þeirra barna sem hafa heyrt um Barnasáttmálann, bæði meðal þeirra sem svara könnuninni á íslensku og þeirra sem svara henni á ensku eins og sjá má á mynd 1 þar sem spurt er: *Hefur þú heyrt talað um Barnasáttmálann?* Í hópi þeirra sem svara á íslensku hafa 88% barna heyrt um Barnasáttmálann og 70% þeirra sem svara á ensku. Þetta eru mjög ánægjulegar niðurstöður og góður áfangi.



Mynd 1: Hefur þú heyrt talað um Barnasáttmálanum?


Eitthvað færri börn treystu sér til að nefna fjögur réttindi sem eru í Barnasáttmálanum þó best hafi í hóp íslensku barnanna en 53% þeirra setjast geta nefnt fjögur réttindi í Barnasáttmálanum en einungis 37% barna sem svara á ensku.

Þá hefur fjölgað í hópi barna sem vita að Barnasáttmálinn gildi um þau þótt enn sé verk að vinna með börnin sem kusu að svara á ensku.




Mynd 2: Gilda réttindin í Barnasáttmálanum um þig?

Sömuleiðis átta börn sig betur á því nú en í fyrri könnunum að þau geta ekki misst réttindin sín sem börn, jafnvel þótt þau geri eitthvað af sér?



Mynd 3: Getur þú misst réttindin þín ef þú gerir eitthvað af þér?

Það fjölgar í þeim hópi barna sem segir að Kópavogsbær hafi spurt þau um skoðun þeirra þegar fjallað er um börn þótt enn megi gera betur. Það sem kom helst á óvart og erfitt er fyrir okkur að túlka er að meðal barnanna sem svara á íslensku hefur heldur minnkað í hópnum sem vill að Kópavogsbær spyrji þau oftari um þeirra skoðun á því sem gert er í bænum. Hópurinn sem svarar „veit ekki“ er þó ennþá fjölmennastur bæði hjá þeim sem svara á íslensku og ensku:




Mynd 4: Vilt þú að starfsfólk Kópavogsbæjar spyrji þig oftari um þína skoðun á því sem gert er í bænum?

Börnin voru spurð hvernig þau teldu best að Kópavogur myndi leita eftir skoðunum þeirra. Báðir hóparnir, þeir sem svöruðu á íslensku og ensku, nefndu oftast eftirfarandi leiðir:

- Bjóða börnum að taka þátt í könnunum.
- Halda fundi með börnum.
- Nota skólana eða félagsmiðstöðvar til að leita eftir samráði.




Börnin voru spurð hvort þau fái tækifæri til að hafa áhrif á það sem gert er í skólanum. Heldur fleiri svara þessari spurningu játandi meðal barna sem svara á íslensku, en minnkar í hópi þeirra sem svara á ensku.




Mynd 5: Færðu tækifæri til að hafa áhrif á það sem gert er í skólanum þínum, t.d. í kennslustundum eða viðburðum á vegum skólans (þar á meðal í félagsmiðstöðvum)?

Þá var kannað hvort börnin telji fullorðna fólkið í skólanum vita hvernig eigi að bregðast við ef barni líður illa og þar hefur fækkað umtalsvert í hópi þeirra sem svara á ensku.



Mynd 6: Telur þú að fullorðna fólkið í skólanum þínum viti hvernig á að bregðast við ef barni líður illa, til dæmis ef barni líður ekki vel heima hjá sér?


Spurt var hvort þeim finnst þau geta leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þeim líður ekki vel:



Mynd 7: Finnst þér þú geta leitað til einhvers fullorðins innan skólans ef þér líður ekki vel?

Á meðal þeirra sem svara á íslensku hafa flestir traust til umsjónakennarans á meðan flest barnanna, sem svara á ensku, nefna skólahjúkrunarfræðing, þótt þar á eftir komi umsjónakennarar og svo skólahjúkrunarfræðingar. Athygli vekur þó að talsvert stór hópur barna segja engan innan skólans sem þau geti leitað til sem þarf að taka alvarlega. Stefnt verður á að kynna betur tilvist skjólahjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og námsráðgjafa innan skólanna.


Alvarlegast þótti okkur þó að sjá hversu fá börn þekkja til Tákns barnaverndar í spjaldtölvunum sínum eins og sjá má á eftirfarandi grafi:




Mynd 8: Þekkir þú Tákni barnaverndar í spjaldtölvunni þinni?

Hér er brýn þörf á að bregðast við og mun eitt af verkefnum næsta hring fela í sér stórbætta kynningu á Tákni barnaverndar og tilvist starfsfólks sem gott er að geta leitað til.


Könnunin sýnir að taka þarf verulega á til að kynna betur ungmennaráð, nemenda- og skólaráð fyrir börnunum og auka möguleika allra barna á því að geta boðið sig fram, eins og sjá má á eftirfarandi svörum:




Mynd 9: Hefur ungmennaráð sveitarfélagsins verið kynnt fyrir þér?



Mynd 11: Finnst þér þú geta tekið þátt í starfi ungmennaráðs sveitarfélagsins?




Mynd 10: Hafa nemendafélag og skólaráð verið kynnt fyrir þér?



Mynd 12: Finnst þér þú hafa möguleika á að bjóða þig fram í nemendafélag eða skólaráð?

Af myndum 9 – 12 má ráða að töluvert skorti á kynningar á ráðum og nefndum og því að börnum finnst þau hafa jöfn tækifæri til að bjóða sig fram til starfa í nefndum og ráðum skólans. Gert er ráð fyrir sérstöku átaksverkefni þessu tengdu í næsta hring innleiðingar Barnasáttmálans og þá ekki síst til að draga úr mismunun meðal barnanna.

Að lokum voru börnin spurð hvort gott væri að búa í Kópavogi:



Mynd 13: Hversu sammála ertu fullyrðingunni: Mér finnst gott að búa í Kópavogi.

86% barna sem svara á íslensku segjast sammála eða mjög sammála fullyrðingunni á meðan 69% barna sem svara á ensku segjast sammála eða mjög sammála fullyrðingunni.

### Könnun meðal starfsfólks

Svarhlutfall meðal starfsmanna var fremur lágt en reynslan hefur kennt okkur að það sé alvanalegt. Alls bárust 340 svör og var svarhlutfall frá 9% upp í 46% eftir því á hvaða starfsstöð fólk vann. Á stoðskrifstofum bæjarins var hlutfallið 9% en hjá grunnskóla og frístundastarfi var svarhlutfallið 46%. Hjá þeim sem starfa á leikskóla var svarhlutfallið 33%.

99% svarenda úr starfsmannahópi hefur heyrt talað um Barnasáttmálann og 98% segir að Barnasáttmállinn gildi um öll börn. Þá hefur vaxið talsvert í hópi starfsmanna sem telja sig geta nefnt fjögur atriði úr Barnasáttmálanum frá því að innleiðing Barnasáttmálans hófst hjá Kópavogsbæ:

Tafla 1: Hlutfall starfsfólks sem telur sig geta nefnt fjögur atriði úr Barnasáttmálanum frá 2019 - 2025.

| Ár                                                  | 2019 | 2022 | 2025 |
|-----------------------------------------------------|------|------|------|
| Gætir þú nefnt fjögur réttindi úr Barnasáttmálanum? | 70%  | 78%  | 84%  |


Enn eru þó starfsmenn sem telja að réttindi í Barnasáttmálanum hafi í för með sér skyldur fyrir börn þótt hlutfallið fari minnkandi:

Tafla 2: Hlutfall starfsmanna sem segir að réttindi í Barnasáttmálanum hafi EKKI í för með sér skyldur fyrir börn.

| Þeir sem svara NEI                                                 | 2019 | 2022 | 2025 |
|--------------------------------------------------------------------|------|------|------|
| Hafa réttindi í Barnasáttmálanum í för með sér skyldur fyrir börn? | 41%  | 56%  | 59%  |

95% starfsmanna segja að barn missi ekki réttindi sín samkvæmt Barnasáttmálanum ef það brýtur af sér sem er fjölgun frá síðasta tímabili.


Starfsfólk var spurt hvort nokkurra spurninga tengt því hvort Barnasáttmálinn ætti við í því starfi sem það gegnir og hvort það hafi tækifæri og geti spurt börn álits. Sjá niðurstöður á mynd hér að neðan:



Mynd 14: Nokkrar spurningar varðandi það hvort starfsfólk leiti til barna í störfum sínum.

Af þessum svörum að dæma hefur gengið nokkuð vel hjá Kópavogsbæ að virkja starfsfólk til að leita eftir áliti barna í störfum sínum tengdum börnum.

Starfsfólk var spurt hvort það hefði fengið fræðslu um mannréttindi tengd Barnaverndarlögum og Farsældarlögum. Um 70% svarenda svara spurningunum játandi en það er nokkuð í takt við það hlutfall svarenda sem vinnur beint með börnum.




Mynd 15: Hefur þú fengið fræðslu um mannréttindi tengt eftirfarandi lögum?

Kannað var hversu stór hluti starfsmanna hefur klárað námskeiðið „Barnasáttmálinn“ á Fræðslutorgi Kópavogsbæjar en það er eitt af myndböndum sem kemur frá UNICEF - Akademía og hefur verið sett inn á Fræðslutorgið sem eitt af skyldunámskeiðunum. Rúmur helmingur svarenda hefur lokið námskeiðinu, eða um 55%. 31% svarar nei og 14% segist ekki vita það.

Þá var starfsfólk spurt hvort það telji sig vita hvernig það getur brugðist við ef barni líður illa. 98% segja svo vera.

70% starfsfólks segir að tilkynningarskylda barnaverndarlaga um aðila sem vinna með börnum, hafi verið kynnt fyrir þeim á vinnustaðnum. Sama hlutfall segir að skýrar verklagsreglur séu á þeirra vinnustað um tilkynningar til barna-verndarnefndar og 71% setjast hafa fengið fræðslu um hvernig eigi að bregðast við þegar grunur vaknar um að barn búi við vanrækslu/ofbeldi.

Þá var spurt hvort starfsfólk viti hvernig það eigi að bera sig að ef það grunar að barn verði fyrir ofbeldi/vanrækslu en líka hvort það hefði einhvern tíma tilkynnt til barnaverndar og ef já þá hversu oft. 90% svarenda segist vita hvernig það á að bera sig að ef það grunar að barn verði fyrir ofbeldi/vanrækslu. 59% svarenda sagðist hafa sent tilkynningu til barnaverndar vegna gruns um að barn búi við vanrækslu/ofbeldi og einhverjir oftast en einu sinni, eins og sjá má á eftirfarandi grafi:




Mynd 16: Hversu oft hefur þú sent tilkynningu til barnaverndar?

Loks var spurt hvort starfsfólk væri ánægt með að Kópavogsbær sé Barnvænt sveitarfélag og svaraði 99% fólks því játandi.

### Könnun meðal kjörinna fulltrúa


Ákveðið var að bæta við einni spurningakönnun sem eingöngu var send á pólitískt kjörna fulltrúa Kópavogsbæjar. Markmiðið var að kanna stöðu þekkingar og framkvæmd réttinda barna meðal kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins. Óskað var eftir netföngum kjörinna fulltrúa og bárust alls 72 netföng og var könnunin send á öll netföngin. Einu sinni var ítrekað að svara könnuninni. Svör bárust frá 22 einstaklingum sem er 31% af þeim netföngum sem við fengum upplýsingar um og teljum við það nokkuð góða svörun.

Spurt var hversu vel einstaklingarnir töldu sig þekkja innihald Barnasáttmálans. Einungis 41% svarenda telja sig þekkja hann mjög vel og 36% lítillega.



Mynd 17: Hversu vel telur þú þig þekkja innihald Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna?


Einnig var spurt hvort fulltrúarnir hefðu fengið fræðslu um réttindi barna, en 41% segist hafa fengið formlega fræðslu. Aðrir ýmist óformlega eða enga:



Mynd 18: Hefur þú fengið fræðslu um réttindi barna í tengslum við starf þitt sem kjörinn fulltrúi?

Af þessum svörum að dæma teljum við nauðsynlegt að ráðist verði í kynningar og fræðslu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna meðal pólitískt kjörinna fulltrúa og að slíkt sé að minnsta kosti gert eftir hverjar kosningar. Enda kemur í ljós að flestir kjörnir fulltrúar vilja frekari fræðslu um Barnasáttmálann eins og sjá má á svörum við eftirfarandi spurningu:






Mynd 19: Myndir þú vilja frekari fræðslu um Barnasáttmálann og hvað felst í því að vera Barnvænt sveitarfélag?


Svarendur segjast allir sammála því að það skipti máli að ákvarðanir sem teknar eru í bæjarstjórn, ráðum og nefndum taki mið af sjónarmiðum og hagsmunum barna.

95% svarenda segir jafnframt að það sé mikilvægt að börn í Kópavogi fái tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem þau varða. Enga að síður skortir nokkuð á að samráð sé haft við ungmennaráð eða önnur börn meðal nefnda og ráða að mati kjörinna fulltrúa:



Mynd 20: Er samráð við ungmennaráð eða börn hluti af reglubundinni vinnu nefnda eða ráðs sem þú situr í?

Kjörnir fulltrúar voru spurðir hvort þeir taki mið af því að Kópavogur sé Barnvænt sveitarfélag í störfum sínum en rúmur helmingur svarenda telur svo vera:



Mynd 21: Hefur þú, í störfum þínum sem kjörinn fulltrúi, tekið mið af því að Kópavogur sé Barnvænt sveitarfélag?

Um helmingur svarenda telur sig hafa haft barnvænt hagsmunamat í huga í störfum sínum sem kjörinn fulltrúi.

Að lokum voru kjörnir fulltrúar spurðir hvort þeir teldu mikilvægt að Kópavogur myndi viðhalda viðurkenningu sinni sem Barnvænt sveitarfélag og töldu allir svarendur svo vera sem er góð niðurstaða og sýnir áhuga kjörinna fulltrúa á að halda verkefninu áfram. Könnunin sýnir þó einnig að nauðsynlegt er að veita kjörnum fulltrúum meiri fræðslu um Barnasáttmálann og verkefnið Barnvænt sveitarfélag.

## Barnaþing

Barnaþing Kópavogs árið 2025 var haldið þann 19. mars í safnaðarheimilinu Borgum. Þema þingsins var lýðræðisleg þátttaka barna í samfélaginu Kópavogur, í samræmi við Barnasáttmálann og menntastefnu Kópavogs. Dagskráin var skipulögð með umræðuborðum þar sem börn ræddu tillögur frá sínum skólum. Þingið hófst með kynningu á fyrirkomulagi, dagskrá þingsins og morgunhressingu, þinginu lauk svo með umræðum um hvernig þingið hefði gengið og hvað mætti gera betur.

Ungmennaráð tók virkan þátt í Barnaþingi Kópavogs. Fulltrúar þess mættu á þingið með niðurstöður úr sínum skólum og tóku þátt í umræðum og mótun tillagna. Eftir þingið vann ráðið í samvinnu við önnur börn sem tóku þátt á þinginu úr niðurstöðum og tillögum valdar til kynningar fyrir bæjarstjórn. Ungmennaráð mun, í framhaldinu, einnig hafa umsjón með því að kynna fyrir börnum í Kópavogi í hvaða farveg tillögurnar fara. Það verður gert í samstarfi við starfsmenn á menntasviði Kópavogsbæjar og starfsmenn Ungmennaráðs Kópavogs.

Framkvæmd barnaþings gekk vel og þátttaka var góð. Allir grunnskólar í Kópavogi tóku þátt, og hver skóli sendi þrjá fulltrúa á þingið ásamt fulltrúa úr ungmennaráði. Samtals voru 39 barnaþingmenn. Eftir þingið var haldinn uppgjörsfundur þar sem farið var yfir helstu atriði sem börnin bentu á að hefði gengið vel og hvað mætti gera betur á næsta þingi.

Hópurinn sammæltist um 13 tillögur sem settar voru í rafrænt umsagnarferli og kosningu meðal nemenda. Kosningin fór fram frá 31. mars til 12. apríl 2025 og var send til allra nemanda í grunnskólum Kópavogs. Nemendur voru beðnir um að raða 13 tillögum barnaþings eftir mikilvægi, þar sem hver nemandi valdi eina tillögu í hvert sæti frá 1 til 13 (merktu 1 við það sem þér finnst mikilvægast, 2 fyrir það sem er næst mikilvægast og þannig koll af kolli).

1.192 nemendur tóku þátt í kosningunni. Niðurstöðum var deilt með þátttakendum barnaþings. Í framhaldinu voru niðurstöðurnar kynntar á fundi með bæjarstjórn þar sem fulltrúar barnaþingmanna og ungmennaráðs kynntu lokatillögur. Einnig voru niðurstöðurnar þýddar á ensku og pólsku og sendar í alla nemendur í grunnskólum Kópavogs.

## Tillögur barna og ungmennaðings í Kópavogi

Niðurstöður eftir Barnaþing og kosningu barna í Kópavogi er eftirfarandi:

Byggt á atkvæðafjölda þá voru eftirfarandi tillögur í sex efstu sætunum:

1. Frítt í Strætó fyrir öll börn í Kópavogi
2. Göt í stundatöflu séu í byrjun og lok dags
3. Morgunmatur í boði í öllum skólum í Kópavogi
4. Fjölga íþróttatímum eða lengja þá
5. Ísbúð á Kársnesi
6. Halda hátíð í Kópavogi – eins og Skrekkur í Reykjavík

Aðrar tillögur fengu minni stuðning og voru þessar í mikilvægisröð:

- Að koma á vinaskólum í Kópavogi og heimsóknnum á milli skólanna.
- Að auka opnanir í félagsmiðstöðvum.
- Að efla sérdeildir og fá fjölbreytta sérfræðinga í alla skóla Kópavogs.
- Að fjölga í hópi starfsfólks sem er úti í frímínútum til að fylgjast með.
- Að virkja nemendaráð meira í öllum skólum Kópavogs.
- Að fjölga kennslustundum í félagslegum samskiptum.

Niðurstaða eftir ungmennaðing er eftirfarandi:

- Fleiri opnanir í félagsmiðstöðvum (fleiri kvöldopnanir og auka miðstigsstarf).
- Hækka frístundastyrk Kópavogs.
- Fartölvur á unglingastig í grunnskóla.
- Meira samræmi á einkunnargjöf í grunnskólum Kópavogs.
- Tryggja að íþróttafélög og tómstundastarf taki meðvitað á móti fjölbreyttum hópum, t.d. með því að efla aðstöðu, fataskipti, þjálfun og fræðslu.

Eins og á fyrri Barnaþingum er „*Frítt í Strætó fyrir öll börn*“ alltaf tiltekið í efsta sæti barnanna. Þessu hefur margoft verið komið til skila en enn engar breytingar á gjaldtöku barna hjá Strætó. Kjörnum fulltrúum í Kópavogi hefur verið bent á þetta og þá hvort hægt sé að taka til skoðunar að Kópavogur greiði fyrir börn sveitarfélagsins með sérstöku korti þeim til handa. Börn fleiri sveitarfélaga hafa verið með þessa ábendingu og því væri þó best ef Strætó myndi leggja í vinnu að skoða þessa ósk barna í alvöru.

Eins og sjá má snúast nokkur þessara atriða að skóla- og frístund. Bæjarstjórn hefur fengið kynningu á öllum þessum atriðum og ábendingu barnanna. Atriði nr. 1, 3 og 6 hér að ofan hafa ratað í drög að næstu aðgerðaáætlun innleiðingar Barnasáttmála.

Öll þessi atriði voru kynnt fyrir bæjarstjórn Kópavogsbæjar á fundi í maí 2025.

## Kaffihúsafundur með barnaþingmönnum og ungmennaráði

Til að tryggja áframhaldandi þátttöku barna í lýðræðislegu samtali og mótun þeirra tillagna sem komu fram á Barnaþingi Kópavogs, var haldinn kaffihúsafundur þann 12. september 2025 í Molanum, miðstöð unga fólksins í Kópavogi. Fundurinn var skipulagður í samstarfi við teymi barnaþings í grunnskólum Kópavogs og teymi menntasviðs sem skipuleggur og heldur utan um barnaþing og byggir á aðferðarfræði kaffihúsasamtals þar sem börn og bæjarfulltrúar hittast til að ræða og forgangsraða tillögum sem komu fram á barna- og ungmennaðingi Kópavogs.

### Markmið fundarins

- Að skapa vettvang fyrir samtal barna og bæjarfulltrúa um tillögur barna- og ungmennaðings.
- Að forgangsraða tillögum í samvinnu við börn og ungmennaráð.
- Að tryggja að rödd barna heyrir í áframhaldandi stefnumótun og ákvörðunum bæjarins.

### Skipulag og framkvæmd

Fundurinn var haldinn frá kl. 08:30 til 10:00 og var þátttakendum skipt niður á borð þar sem 2 bæjarfulltrúar sátu við hvert borð og 3–4 börn eða ungmenni fóru á milli borða. Hvert samtal stóð í 5 mínútur og var skráð rafrænt með QR-kóða sem tengdist skráningarkerfi þar sem þátttakendur gátu raðað tillögum eftir mikilvægi á staðnum.

**Undirbúningur**

Undirbúningur hófst 4–6 vikum fyrir fundinn með kynningu til þátttakenda og bæjarfulltrúa. Tæknibúnaður var settur upp daginn fyrir fund og veitingar voru í boði fyrir alla þátttakendur, þar á meðal ávextir, samlokur, sætabrauð, kaffi, te og vatn.

**Eftir fundinn**

Í lok kaffihúsafundarins undirrituðu þátttakendur staðfestingu á samtali og samvinnu um forgangs röðun á þeim tillögum sem barnaþingmenn og ungmennaráð kynntu fyrir bæjarstjórn. Niðurstöður fundarins voru teknar saman og kynntar í bæjarráði, bæjarstjórn og í grunnskóla- og frístundastarfi í framhaldi. Svör við tillögum og farvegur þeirra verða svo kynntar fyrir öllum nemendum í grunnskólum Kópavogs og ungmennaráði og sett í framhaldsvinnu í samstarfi við Menntasvið Kópavogs.

**Sérfræðihópar barna**

Niðurstöður leiðbeinandi spurningalista og könnunar meðal barna gefur tilefni til að skoða hvort mismunun geti verið til staðar gagnvart börnum sem þurfa sérstaka aðstoð. Því var ákveðið að eiga samtöl við börn og ungmenni með stuðningsþarfir sem og að heyra viðhorf foreldra þeirra. Öllum börnum frá Hrafninum var boðin þátttaka en það er frístundaklúbbur fyrir fötluð börn í 5. til 10. bekk grunnskólanna í Kópavogi. Starfsemi Hrafnins fellur undir lög um málefni fatlaðra og þar gefst börnum tækifæri til að dvelja við leik og skapandi störf eftir að skóladegi lýkur. Markmiðið er að veita börnum öruggt athvarf og bjóða þeim upp á skipulagðar tómstundir við hæfi hvers og eins. Verkefnastjóri á Frístundadeild Menntasviðs hélt utan um rýnisamtölin og sá jafnframt um rafræna könnun meðal foreldra barnanna.

Stjórnendur Hrafnins buðu börnunum að taka þátt og gættu að því að börnin sem sýndu áhuga upplifðu öryggi og ánægju af þátttökunni og hefðu þor til að tjá skoðanir sínar. Rýnihópaviðtölin fóru fram í rými sem börnin þekkja í frístundaklúbbnum Hrafninum og starfsmaður sem þau treysta var viðstaddur og þeim innan handar. Öllum þátttakendum var gert ljóst að þau þyrftu ekki að svara öllum spurningum og mættu hætta þátttöku hvenær sem er. Tekinn var góður tími í spurningarnar og passað að allir fengju tækifæri til að svara.

Rafræn könnun var send á foreldra allra barnanna sem sækja Hrafninn. Könnunin var gerð með spurningarkönnunar forritinu Outcome og var nafnlaus. Svörun var mjög góð.

Verkefnastjóri Frístundadeildar tók svo saman niðurstöður rýnihópaviðtala og könnunarinnar og fór yfir með stjórnendum Hrafnins, sem nýttu niðurstöðurnar í umbótaáætlun starfsstöðvar.

**Helstu niðurstöður rýnisamtala:****Styrkleikar:**

Börnin tjáðu öll ánægju með Hrafninn og að þeim finnst gaman að vera þar. Þau virðast öll eiga gott samband við stjórnendur Hrafninsins. Á heildina litið eru þau ánægð með annað starfsfólk og upplifa að þau geti leitað jafnt til þeirra sem og stjórnenda. Af svörum þeirra má greina að þau eigi sér flest vissa aðila í starfsmannahópnum sem þau leiti helst til. Þau upplifa að þau hafi val um hvað þau gera í Hrafninum og komst einn viðmælandi svo að orði: „við megum gera allt sem við viljum, nema það er sem er stranglega bannað“.

#### **Tækifæri til úrbóta:**

Þó börnin hafi öll verið jákvæð og ánægð með starfið, mátti heyra að þau áttuðu sig ekki nógu vel á því að þau geti komið með hugmyndir að því sem þau vilja gera. Það gæti þó verið að í þeirri spurningu hafi skilningur ekki verið nægur, þar sem að það kom annarsstaðar fram hjá þeim að þau hefðu áhrif á val á viðfangsefni og að þau mættu stundum ráða hvað væri í boði. Það er því ljóst að starfið er skipulagt út frá þeirra hugmyndum en þyrfti að skoða leiðir til að þau skilji og upplifi það sjálf. Hér mætti til dæmis nýta hugmyndakassa eða virkara samtal við börnin þar sem þau koma með hugmyndir og fá stuðning til að skilja hvernig þeirra hugmyndir eru nýttar í starfinu.

Í viðtölunum kom í ljós að sum barnanna skildu ekki alveg allar spurningarnar, en gekk þó oftast vel að umorða þær. Einnig hefðum við viljað hafa haft spurningarnar opnari, þar sem sum þeirra áttu til að svara bara já eða nei. Þetta verður skoðað í framhaldinu.

#### **Foreldrakönnun:**

##### **Styrkleikar:**

Þegar á heildina er litið eru flestir foreldrarnir ánægðir með starf Hrafninsins. Stjórnendur Hrafninsins virðast foreldrum aðgengilegir og leggja áherslu á samstarf við foreldrana. Þá þykir foreldrum starfsfólk taka fagmannlega á málum sem koma upp og að börnin þeirra geti leitað til þeirra ef eitthvað kemur upp á. Ánægja er með síðdegishressinguna sem börnin fá. Flestir foreldrar segjast þekkja til aðstöðu Hrafninsins og eru ánægðir með hana. Foreldrum finnst frístund mæta þörfum barnsins síns varðandi sérstaka þjónustu. Þeim finnst Hrafninn bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni, sem og næg tækifæri til að vera í rólegheitum og næði.

##### **Tækifæri til úrbóta:**

Þótt að styrkleikar Hrafninsins séu margir, má alltaf finna tækifæri til umbóta. Þó upplýsingagjöf þyki almennt góð, kom fram að einstaka sinnum mætti hún vera betri varðandi opnanir á starfsdögum/styttum dögum í skólanum. Einnig kom ábending um að gaman væri að heyra meira af því hvað börnin eru að gera frá degi til dags. Í svörum kemur fram að foreldrum finnst að það mættu vera fleiri tækifæri til útiveru. Ein

ábending kom svo um að almennu starfsfólki hætti til að gleyma sér í spjalli sín á milli eða vera í símanum sínum, í stað þess að aðstoða börnin í leik eða við samskipti.

## Samantekt

Þegar á heildina er litið er óhætt að segja að stöðugreiningin leiði í ljós árangur á ýmsum sviðum hjá Kópavogsbæ frá því að bærinn fékk sína fyrstu viðurkenningu UNICEF sem Barnvænt sveitarfélag árið 2021.

Í fyrsta lagi hefur þekking barna á sértækum mannréttindum sínum vaxið jafnt og þétt. Þá er aukning í þátttöku barna í málefnum sveitarfélagsins auk þess sem starfsfólk bæjarins hefur þjálfast betur í að virkja börn til þátttöku og sameiginlegrar ákvarðanatöku. Það ferli er stöðugt að þróast og hefur sífellt orðið betra og markvissara eftir því sem árin hafa liðið.

Á hverju ári koma upp nýjar áskoranir er varða börn sem sveitarfélagið hefur lagt sig fram um að greina og í framhaldinu að leita leiða til að leysa úr þeim. Þetta á til dæmis við um aukin fjölda barna af erlendum uppruna og verkefnum sem sveitarfélagið hefur gripið til, til að reyna markvisst að inngilda og bjóða velkomna fjölmenningu.

Þótt margt hafi gengið vel er enn af mörgu að taka. Í stöðugreiningu hafa komið fram ýmsar ábendingar og í framhaldi af því er stefnt að því að setja á laggirnar nokkrar nýjar aðgerðir til að gera Kópavogsbæ enn barnvænni en hann er í dag. Sjá má drög að aðgerðunum í yfirliti á bls. 4.